


ÞRJÚ SKREF Í VÖRN GEGN BEINBROTUM

D VÍTAMÍN, KALK OG HREYFING



www.iofbonehealth.org

www.beinvernd.is



International Osteoporosis
Foundation



HVAÐ ER BEINÞYNNING?

Beinþynning er sjúkdómur í beinum, sem einkennist af litlum beinmassa og misröðun í innri byggingu beinsins, sem leiðir til aukinnar hættu á brotum. Beinþynning verður þegar beinmagnið minnkar hraðar en líkaminn endurnýjar það og þar með dregur úr styrk beinanna. Beinagrindin verður þá svo brothætt að smávægilegt högg eða bylta getur leitt til beinbrots (nefnt beinþynningarbrot). Beinþynning er einkennalaus þar til bein brotna og er þess vegna oft kölluð „þöggull sjúkdómur“.

Beinþynning hefur áhrif á öll bein líkamans en algengust eru brot á hrygg, úlnliðum og mjöðmum. Brot á mjaðmagrind, upphandlegg og fótlegg eru einnig tíð. Beinþynning er ekki sársaukafull, en brotin bein geta valdið miklum verkjum, verulegri örorku og jafnvel dauða. Mjaðma- og hryggjarbrotum fylgir aukin hættu á dauðsföllum; 20% þeirra sem verða fyrir mjaðmabrotum deyja innan við 6 mánuðum eftir brot.

ALGENGUR SJÚKDÓMUR

Talið er, að brot af völdum beinþynningar verði á þriðju hverri sekúndu í öllum heiminum. Ein af hverjum þremur konum og einn af fimm körlum, sem náð hafa 50 ára aldri, munu brotna síðar á ævinni. Hjá konum er áhættan á beinþynningu meiri en samanlögð áhætta á krabbameini í brjóstum, eggjastokkum og móðurlífi. Hjá körlum er áhættan meiri en af blöðruhálskrabbameini. Helmingur þeirra sem brotna af völdum beinþynningar, brotna aftur og hættan á fleiri brotum eykst mjög við hvert brot.

VAXANDI LÝÐHEILSUVANDI

Með hækkandi aldri eykst brotahættan verulega, bæði vegna þess að beinþéttinn minnkar og byltum fjölga. Aldraðir verða sífellt stærri hluti af heildaríbúafjöldanum. Um leið og lífslíkur batna hjá meirihluta jarðarbúa eykst sá kostnaður verulega, sem verður vegna brota af völdum beinþynningar, í peningum jafnt sem þjáningum nema gripið sé til varna.

Beinbrot vegna beinþynningar geta valdið

umtalsverðri örorku og *skertum lífsgæðum*

INNGANGSORÐ

Gott mataræði og hreyfing eru það mikilvægasta í heilbrigðum lífsháttum. Þetta eru einnig þær stoðir sem varnir gegn beinþynningu á öllum stigum lífsins hvíla á. Þótt erfðapættir ákvarði að mestu stærð og þéttni beina, skipta lífnaðarhættir einnig lykilatriði, s.s. regluleg hreyfing og góð næring.

Góð næring er orkugjafi fyrir beinin og sér líkamanum fyrir nauðsynlegum vítamínum, kalki og hágæðapróteínum sem viðheldur beina- og vöðvastyrk. Í ljós hefur komið að D vítamín er sérstaklega mikilvægt fyrir beinin. Í þessum bæklingi verður vakin athygli á því hve skortur á D vítamíni er útbreiddur og ráðlagt að bæta úr honum með D vítamíni fyrir alla fullorðna, 60 ára og eldri, þar sem það hefur reynst draga úr byltum og brotum. Eftirtektarvert er, að D vítamín er lykilatriði í beinaþroska barna og hefur jákvæð áhrif á beinþéttina hjá ungu fólki. Það hefur góð áhrif á upptöku kalks úr meltingarveginum og bein áhrif á vöðva. Nægilegt D vítamín fæst ekki nema með heilsusamlegu mataræði og daglegu sólarljósi, sem eru meginhvattinn í myndun á D vítamíni í húðinni. Að þessu leyti standa fullorðnir oft höllum fæti og þess vegna þarf að finna leiðir til þess að bæta þeim upp hugsanlegan skort.

Líkamsþjálfun stuðlar að bættri heilsu og er grundvallaratriði í að styrkja bein og vöðva og minnka hættu á beinþynningu, byltum og brotum. Rösk ganga í 4 klukkustundir á viku hefur verið tengd við fækkun á mjaðmabrotum um 40% (1). Þá hefur verið sýnt fram á að einfaldar, sérvaldar æfingar auka beinþéttni og hreyfifærni hjá veikbyggðu en virku, eldra fólki, sem dregur úr byltum um 10-50% (2,3,4). Á sama hátt og að temja sér heilsusamlegt mataræði er aldrei of snemmt eða seint að byrja að hreyfa sig. Ávinningur er alltaf fyrir hendi hvað svo sem fólk er gamalt.



Heike A. Bischoff-Ferrari MD

Ef saman fer líkamleg virkni, kalkríkur matur og nægilegt D vítamín aukast möguleikarnir á því að bæta stoðkerfið (vöðva og bein) verulega og minnka hættu á beinþynningu. Þá er mikilvægt að hafa í huga, að hægt er að auka ávinninginn af heilsusamlegri næringu og nægilegu D vítamíni með aukinni líkamsþjálfun. Af þessari ástæðu blandast þessir þrír þættir saman í baráttuorðum ársins hjá Alþjóðlegu beinverndarsamtökunum: „Temjið ykkur heilsusamlega lífnaðarhætti fyrir beinin“. Þannig bætir hver þáttur annan til að efla stoðkerfið.

Meginbaráttumálið á degi Alþjóðlegu beinverndarsamtakanna er vitundarvakning um nægjanlegt D vítamín, kalk, prótein og hreyfingu á hverjum degi til þess að viðhalda heilbrigði beina hjá fólki á öllum aldri. Við viljum hins vegar, með því að vekja

sérstaka athygli á D vítamíni, minnst á vaxandi lýðheilsuvanda þ.e. byltur og byltutengd brot hjá eldri aldurshópum. Sjötíu og fimm prósent allra brota verða hjá þeim sem eru 75 ára og eldri. Þegar máttur vöðva þverr, verður eldra fólk veikbyggðara, hreyfigeta minnkar og þar með eykst hættan á byltum. Endanlegt markmið heilsugæslunnar hjá okkur (og vissulega persónulegt markmið allra sem eldast!) er að eldri borgarar séu líkamlega sjálfstæðir og virkir í samfélaginu. Heilbrigði vöðva- og beina eru lykilatriði í því að ná þessu takmarki.

BEINA- OG VÖÐVASTYRKUR

Teymið gegn beinþynningu og byltum

Niútiú prósent allra brota verða við byltur, en þær eru stærsti áhættuþáttur brota (5). Því er grundvallaratriði til þess að skilja og koma í veg fyrir brot, sérstaklega á efri árum, hin nánú tengsl milli byltu og minnkandi vöðvastyrks. Þeir sem eru með meiri vöðvastyrk hafa sterkari bein og detta því og brotna síður. Eðli brots fer eftir kringumstæðum þegar fólk dettur (5) og fallátt (6). Hins vegar ráða beinþéttni, vöðvastyrkur og umbúðir við mjöðm miklu um það hvort bylta leiðir til brots (7). Bylta getur auk þess orðið til þess að líkamleg virkni minnkar vegna ótta við að detta aftur, sem getur enn frekar minnkað beinþéttina og vöðvastyrk og aukið hættu á frekari byltum (8). Styrkur beina og vöðva eru því

grundvallarþættir í vörn gegn byltum og brotum.

Aukinn vöðvastyrkur er mikilvægur til þess að koma í veg fyrir byltur, þar sem þær eru tíðar á efri árum. 30% þeirra sem eru 65 ára og eldri og 40-50% 80 ára og eldri segjast hafa dottið á liðnu ári (9,10). Alvarleg slys verða í 10-15% tilfella þegar fólk dettur, þar sem brot verða í 5% skipta og þar af mjaðmabrot í 1-2% tilfella (11). Byltur, sem einstakur þáttur í að minnka starfshæfni, eru ástæðan sem að baki liggur hjá 40% þeirra sem fá inni á hjúkrunarheimilum (13).

Þeir sem detta oft hafa fjórfalt minni möguleika á því að jafna sig eftir brot í samanburði við þá sem detta

einu sinni (14). Því er spáð að fjöldi beinbrota eftir byltur muni aukast gífurlega í Evrópu (15-19) og í stórum hluta hins vestræna heims (20,21), þar sem hlutfall þeirra sem náð hafa meira en 65 ára aldri muni vaxa um 25%-40% til 2030. Bæði D vítamín og líkamspjálfun auka sannanlega heilbrigði beina og draga úr byltum um 20-50%. Í þessum bæklingi er bent á þessar árangursríku leiðir sem auðvelt er að tileinka sér til þess að stuðla að betri beinaheilsu.



BORÐIÐ VEL: KALK, PRÓTEIN OG D VÍTAMÍN

Beinagrindin í okkur bregst við líkamlegu álagi og unnt er að auka beinþéttina með þungaberandi æfingum. Auk þess þurfa beinin okkar næringu. Það þýðir að við getum aukið heilbrigði beina og vöðva og dregið verulega úr hættu á beinþynningu með því að sameina líkamlega virkni heilsusamlegu, kalkríku mataræði og taka D vítamín. Þá er hægt að auka ávinninginn af „heilsusamlegu mataræði fyrir beinin, auðugu af náttúrulegu kalki með viðbættu D vítamíni“ með meiri líkamlegri áreynslu eða minnka hann með því að draga úr virkni. Þess vegna sameinar þessi skýrsla allar þessar hugmyndir þar sem þær bæta hver aðra upp til bestu, mögulegrar beina- og vöðvaheilsu. Bein eru lifandi vefur þar sem stöðug

efnaskipti og endurmyndun eiga sér stað alla ævi. Eins og önnur líffæri þurfa beinin næringarefni og orku. Í hollu, fjölbreyttu mataræði fyrir sterk bein eru nauðsynleg snefilefni (vítamín og steinefni) og lífsnauðsynleg frumefni (prótein, fita, kolvetni) sem byggja upp beinin og gefa orku til þess að endurnýja þau. Í þessum bæklingi er áherslan lögð á tvö mikilvæg næringarefni, kalk og prótein, sem byggja upp heilbrigð bein og vöðva auk D vítamíns sem eykur upptöku kalks úr fæðunni og hefur bein áhrif á vöðvastyrk. Sýnt hefur verið fram á að öll þessi næringarefni eru mikilvæg til þess að viðhalda beinþéttni alla ævi. Auk þess hefur D vítamín sem fæðubót aukið hreyfigetu og minnkað hættu á byltum og brotum hjá eldra fólki.

Mikilvægt er að átta sig á því, að hægt er að koma til móts við kalkþörf okkar með heilsusamlegu mataræði, en það á ekki við um D vítamín. Nær ómögulegt er að fá nægjanlegt D vítamín úr fæðu þar sem það er einungis í litlum mæli í ákveðnum fæðutegundum. Í öðru lagi er erfitt fyrir flesta fullorðna (sérstaklega eldra fólk) að komast daglega í sólarljós til þess að fá nægjanlegt magn. Þess vegna er mælt með því að bæta við D vítamíni fyrir þá sem eru 60 ára og eldri. Lögð er áhersla á það í þessum bæklingi að kalk fáiist úr mat, en ekki þurfi að taka það inn sérstaklega nema þeir sem eru á kalklitlu fæði.



Kalk, prótein og D vítamín – öll þessi næringarefni eru mikilvæg til þess að viðhalda beinþéttni alla ævi.

KALK

Kalk er meginburðarefni beina og er byggt inn í þau sem samstæður steinefna úr kalki og fosfötum. Beinagrind okkar geymir 99% af kalkforða líkamans. Kalk í beinum þjónar einnig því hlutverki að vera forði til þess að viðhalda réttu kalkstigi í blóðinu. Það frásogast úr smáþörmunum sem stýrist af D vítamíni. Upptaka kalks er meiri hjá þeim sem hafa í sér mikið D vítamín (22). Lágmarkskalkþörf á dag af D vítamíni er talin vera 800 mg (23,24). Hægt er að ná þessu marki með hollu mataræði, þar sem kalkríkrar fæðu er neytt daglega (t.d: mjólkurglas eða sneið af hörðum osti = 300 mg af kalki; 4 sardínur = 500 mg; 28 gr af möndlum = 75 m af kalki).

Sjá töflu með fæðutegundum hér til hægri

Upptaka kalks er *meiri* hjá þeim sem hafa í sér *mikið* D vítamín.



ÁÆTLAÐ MAGN KALKS Í FÆÐU		
Fæðutegundir	Skammtur	Kalk (mg)
Nýmjólk	236 ml	278
Léttmjólk	236 ml	283
Undanrenna	236 ml	288
Hrein jógúrt	150 g	243
Ávaxtajógúrt	150 g	210
Grísk jógúrt	150 g	189
Rjómi	15 g	13
Kotasæla	112 g	142
Camembert ostur	40 g	94
Brauðostur	30g	240
Mjólkurís, vanillu	75 g	75
Tofu, sojabaunir	100 g	510
Sojadrykkur	236 ml	31
Sojadrykkur, kalkbættur	236 ml	210
Spergilkál, soðið	112 g	45
Apríkósur, þurrkaðar	160 g	117
Appelsína	160 g	75
Fíkjur	220 g	506
Möndlur	26 g	62
Brasilíuhnetur	20 g	34
Sardínur, í dós	100 g	500
Brauð, hveiti	30 g	53
Brauð, heilhveiti	30 g	32
Pasta, soðið	230 g	85
Hrísgrjón, hvít og soðin	180 g	32

Food Standards Agency (2002) McCance and Widdowson's The Composition of Foods, Sixth summary edition. Cambridge: Royal Society of Chemistry



neytið kalkríkrar fæðu

Kalk úr fæðu er betra en kalk sem fæðubótarefni af ýmsum ástæðum:

- 1. Í kalkríkri fæðu, s.s. mjólkurvörum (mjólk, skyri, ostum) og hnetum eru önnur næringarefni sem eru mikilvæg fyrir bein og vöðva, sérstaklega hágæðaprótein.
- 2. Stórir skammtar af kalki sem fæðubótarefni (1000 mg og meira) geta verið óhollir fyrir hjarta- og æðakerfi (25), en kalkrík fæða hins vegar ekki.
- 3. Kalktöflur geta minnkað upptöku fosfata í þörmum (26), sem getur verið skaðlegt, þar sem hlutföll milli kalks og fosfata þurfa að vera í jafnvægi fyrir

steinefnabúskap beinanna. Hið síðarnefnda er sérstakt áhyggjuefni hjá eldra fólki (27), þar sem skortur á fosfötum er til staðar hjá 10 til 15% kvenna eldri en 60 ára (28). Ef skammtar af kalki eru auknir um 500 mg á dag, minnkar upptaka á fosfötum um 166 mg (26), þannig að 1000 mg af viðbættu kalki geta valdið skorti á fosfötum hjá eldra fólki sem neytir lítils fosfats (26,29). Hins vegar gefa mjólkurvörur okkur bæði kalk og fosföt.

HVERNIG GETUR KALK BÆTT HEILBRIGÐI BEINA?

Kalk gegnir margvíslegu hlutverki í líkamanum og er nauðsynlegt fyrir samdrátt vöðva og sem byggingarefni

fyrir beinin. Kalkríkt mataræði er sérstaklega mikilvægt við uppbyggingu beina þegar vöxtur þeirra er mestur í æsku og á unglingsárum. Ef við stuðlum að heilbrigði beina snemma á lífsskeiðinu, getum við komið í veg fyrir beinþynningu síðar. Auk þess hjálpar kalkríkt mataræði okkur til þess að viðhalda beinþéttunni þegar hún minnkar á efri árum. Þetta á bæði við um karlmenn og konur á öllum aldri.

Þótt sýnt hafi verið fram á að kalk sem fæðubótarefni hafi á seinni árum jákvæð áhrif á beinþéttuna (30,31) minnkar það ekki hættu á brotum hjá þeim sem búa við skort á D vítamíni (27). Að auki getur kalk án D vítamíns leitt til aukinnar hættu á mjaðmabrotum (27). D vítamín sem fæðubót er þannig lykilatriði í heilbrigði beina, en kalk eitt og sér er ekki nægjanlegt til þess að koma í veg fyrir brot. Athyglin hefur því beinst að D vítamíni til þess að koma í veg fyrir beinbrot ásamt heilsusamlegu, kalkríku mataræði. Sjá töflu til vinstri.

Í þessum tillögum um heildarkalk-neyslu er greinilega ekki reiknað með viðbættu D vítamíni. Eins og minnst var á hér fyrir ofan er upptaka kalks meiri hjá þeim sem hafa í sér mikið D vítamín. Lægri mörk daglegrar heildarneyslu á kalki um 800 mg eru því líklega nægjanleg ásamt D vítamíni. Þetta er það magn af kalki sem hægt er fá úr hollu mataræði sem inniheldur kalkríka fæðu sérhvern dag.

Sjá nánar íslensk viðmið og ráðlegg-ingar um kalk á www.beinvernd.is.

INSTITUTE OF MEDICINE OF THE NATIONAL ACADEMIES IN THE USA (IOM) - RÁÐLEGGINGAR UM INNTÖKU KALKS		
Aldurshópar	Kalk	
	Áætluð meðal-þörf (mg/dag)	Ráðlagður dag-skammtur (mg/dag)
Ungabörn til 6 mánaða	-	-
Ungabörn 6 til 12 mánaða	-	-
1 – 3 ára	500	700
4 – 8 ára	800	1000
9 – 13 ára	1100	1300
14 – 18 ára	1100	1300
19 – 30 ára	800	1000
31 – 50 ára	800	1000
51 – 70 ára karlar	800	1000
51 – 50 ára konur	1000	1200
> 70 ára	1000	1200
14 – 18 ára barnshafandi konur eða með barn á brjósti	1100	1300
19 – 50 ára barnshafandi konur eða með barn á brjósti	800	1000

*Ungabörn þurfa 200 mg/dag frá 0 – 6 mánaða aldri og 260 mg/dag frá 6 – 12 mánaða aldri.

PRÓTEIN

Prótein eru bygginarefni fyrir sterk bein og vöðva. Skortur á þeim er skaðlegur fyrir þroska beina og beinþéttina síðar á lífsleiðinni eins og hörgull á kali og D vítamíni (32). Lítil próteinneysla tengist minnkandi vöðvamassa seinna á ævinni og eldra fólk sem neytir lítils próteins er hættara við að vöðvar veikist og rýrni. Allt þetta eykur hættu á byltum og brotum (37-39).

Í vörn gegn beinþynningu hefur neysla á próteini tvöfalt gildi eins og D vítamín, þar sem það stuðlar að sterkari beinum og vöðvum. Í fyrsta lagi getur aukin próteinneysla haft jákvæð áhrif á bein og vöðva með því að auka magn *Insulin-like Growth Factor- 1 (IGF-1)* í blóði. Regluleg, dagleg neysla á mjólk veldur mælanlegri aukningu á IGF- 1 í blóði barna (40). Ein rannsókn hefur og sýnt, að sömu áhrifum má ná með

próteini hjá eldra fólki sem hefur mjaðmabrotnað (35). Lifrinn framleiðir IGF-1, sem stuðlar að mótun beina og vöðva og ummyndun á D vítamíni í virkara form (1,25 dihydroxyvitamin D) (41).

Í öðru lagi (með D vítamíni) má skýra að hluta hvernig aukin neysla á próteini ýtir undir upptöku á kalki og fosfötum í þörmunum. Auk þess hafa nokkrar aminosýrur (byggingareiningar próteina) örvandi áhrif á upptöku kalks í þörmum (42). Aukin próteinneysla hjá börnum hefur reynst efla þann ávinning sem líkamspjálfun hefur á innihald steinefna í beinum (43).

HEFUR AUKIN PRÓTEINNEYSLA SLÆM ÁHRIF Á BEININ?

Nokkrar rannsóknir hafa sýnt fram á að mikil neysla á próteinum ýti

undir kalktap í gegnum nýrun og að próteinríkt mataræði geti verið skaðlegt fyrir beinin. Þessi tilgáta hefur verið afsönnuð þar sem aukin úrgangslausn á kalki eftir próteinríkan málsverð leiðir ekki til þess að jafnvægi kalks raskist (44). Ennfremur var ekki hægt að staðfesta að dýrprótein valdi beintapi með því að auka sýrumagnid í líkamanum. Staðreyndin er sú að engin sannfærandi rök hafa verið sett fram um að prótein úr plöntum séu betri en prótein úr dýrum (44). Bæði prótein úr plöntum og dýrum styrkja bein og vöðva og koma í veg fyrir beinþynningu.

HVAÐAN FÁUM VIÐ PRÓTEIN

Í mjólkurafurðum eru fjölmörg prótein sem eru nauðsynleg til þess að styrkja bein og vöðva. Prótein má og finna í hnetum, grænmeti, fiski og kjöti. Mælt



neytið próteinríkrar fæðu

er með því að ráðlagður dagskammtur af próteinum (RDA) sé 1.5 g/kg hjá ungabörnum, 1.1 g/kg hjá börnum á aldrinum 1 til 3ja ára, 0.95 g/kg hjá börnum á aldrinum 4ra til 13 ára, 0.85 g/kg hjá unglingum frá 14 til 18 ára aldurs og 0.8 g/kg fyrir fullorðna, 19 ára og eldri. Próteinneysla sem er meiri en mælt er með (1.0 til 1.2 g/kg á dag) gæti hins vegar samkvæmt faraldursfræðilegum og klínískum rannsóknum haft góð áhrif á bein og vöðva hjá eldra fólki (39).

KOSTIR PRÓTEINA FYRIR ELDBA FÓLK SEM ER Í ÁHÆTTUHOPI FYRIR MJAÐMABROT

Eldri sjúklingar sem hafa mjaðmabrotnað eru viðkvæmastir fyrir vannæringu og skorti á próteinum. Lítil neysla á próteinum sem og skortur á D vítamíni leiðir til aukinnar hættu á mjaðmabrotum (36,45). Samkvæmt samantekt úr mörgum rannsóknum á



konum minnkaði aukin mjólkurneysla ekki áhættuna á mjaðmabrotum en á hinn bóginn var ekki hægt að útiloka mögulega kosti hjá körlum (46). Fjöldi klínískra tilrauna hefur hins vegar sýnt fram á að aukin neysla á próteinum hjá eldri sjúklingum með mjaðmabrot, leiddi til færri dauðsfalla, styttri dvalar á sjúkrahúsi og meiri líkinda til þess að þeir sneru aftur til sjálfstæðrar búsetu

(35,47,48). Í einni þessara rannsókna kom í ljós, að magn IGF-1 í blóði jókst hjá eldra fólki sem fékk aukaskammt af próteinum (35). Aukin próteinneysla hefur auk þess góð áhrif á beinþéttina hjá eldri karlmönnum og konum sem tóku einnig inn D vítamín og kalk, en þessi næringarefni hafa væntanlega samlæg jákvæð áhrif (49).



Lítil próteinneysla tengist minnkandi beinþéttni á æviskeiðinu

PRÓTEINGJAFAR	
Fæðutegundir	Prótein (g)
1 únsa af kjöti, fiski, fuglakjöti	7
1 stórt egg	6
4 únsur mjólk	4
4 únsur fitulítil jógúrt	6
4 únsur sojamjólk	5
3 únsur tofu	13
1 únsa ostur	7
½ bolli fitulítil kotasæla	14
½ bolli soðnar nýrnabaunir	7
1 únsa hnetur	7
2 msk hnetusmjör	8
½ bolli grænmeti	2
1 brauðsneið	2
½ bolli kornmeti / pasta	2

*Ráðlagður dagskammtur RDS; US Department of Agriculture



ANNAÐ Í LÍFSMÁTA OKKAR SEM HEFUR NEIKVÆÐ ÁHRIF Á BEININ

Reykingar, óhófleg áfengisneysla og lágur líkamsþyngdarstuðull (BMI) hafa slæm áhrif á beinin

ÁFENGI

Rannsóknir hafa sýnt að fleiri en tvær einingar af áfengi á dag geta aukið hættuna á beinþynningu og mjaðmabrotum bæði hjá körlum og konum (50). Fleiri en 4 einingar af áfengi á dag geta tvöfaldað hættuna á brotum. Að einhverju leyti er það vegna minni beinþéttni en einnig óljósari þátta s.s. almenns heilsuleysis og aukinnar hættu á byltum einkum hjá þeim eldri (51).

REYKINGAR

Reykingar auka einnig hættuna á brotum vegna beinþynningar (52). Rannsóknir á u.þ.b. 60.000 manna þýði í Kanada, Bandaríkjunum, Evrópu, Ástralíu og Japan sýna að reykingar auka hættu á mjaðmabrotum allt að 1.8 sinnum (52). Hins vegar minnkar áhættan þegar reykingum er hætt (53). Þótt hætta á brotum vegna reykinga aukist með aldri hafa þær fyrir áhrif á beinin. Rannsóknir hafa sýnt að ungir karlmenn, 18-20 ára, sem reykja hafa lægri beinþéttni og aukna áhættu á að fá beinþynningu síðar á ævinni (54,55).

LÁGUR LÍKAMS-ÞYNGDARSTUÐULL

Lágur líkamsþyngdarstuðull (BMI) er mælistuðull á það hve magur einhver er og getur verið leiðbeinandi um hættu á beinþynningu (56). BMI á bilinu 20 til 25 er talið ákjósanlegt. BMI undir 19 er hins vegar undir þyngd og er áhættuþáttur fyrir beinþynningu.

D VÍTAMÍN

HVERNIG BÆTIR D VÍTAMÍN BEININ?

D vítamín er nauðsynlegt fyrir þroska og viðhald beinanna allt lífið. Lykilhlutverk D - vítamíns:

- Það hjálpar til við upptöku á kalki (22).
- Það hamlar myndun hormóna frá skjaldkirtli sem leiðir af sér minna beintap.
- Það stuðlar að réttri endurnýjun og steinefnabúskap beina (58).
- Það hefur örvandi áhrif á vöðvaþræði (59) og minnkar þannig hættu á byltum (60).

Það eykur styrk og virkni (61), eykur beinþéttni (24) og minnkar byltutíðni og brot um 20%, þ.m.t. mjaðmabrot (byggt á gögnum úr klínískum rannsóknum, þar sem D vítamín var tekið inn í töfluformi 60,62).

D VÍTAMÍNSKORTUR

Tíðni

Ef miðað er við greinimörk (*sjá mörk á bls. 12*) má fullyrða að 50-70 prósent fullorðinna Evrópubúa og 30-50 prósent Bandaríkjamanna skorti D vítamín. Ef stuðst er við sömu mörk kemur svipað í ljós hjá börnum.

- Þeir sem eru viðkvæmastir fyrir D vítamínskorti eru:

neytið **D vítamíns**

- Eldra fólk, sérstaklega þeir sem búa á öldrunarheimilum eða njóta umönnunar á stofnunum.
- Þeir sem búa á norðlægum breiddargráðum þar sem sólar gætir lítið.
- Þeir sem eru of þungir.
- Þeir sem hafa sjúkdóm sem minnkar upptöku D vítamíns úr þörmum (t.d. bólgur í meltingarvegi).
- Þeir sem eru dökkir á hörund.
- Þeir sem þola ekki sólarljós af lækisfræðilegum eða menningarlegum ástæðum.

Tvíþætt virkni D VÍTAMÍNS


bein

+

vöðvar



D vítamín hjálpar til við upptöku kalks, sem er mikilvægt fyrir þroska beina og viðhald þeirra



D vítamín hefur bein áhrif á vöðva og minnkar hættu á byltum

Skilgreining

Erfitt er að setja alþjóðleg greinimörk um D vítamín vegna skorts á stöðluðum prófum og breytileika milli hópa. Hins vegar má notast við almenna viðmiðun þar sem skilgreina má skort á D vítamíni sem 25 (OH)D stig af minna en 50 nmol/l (< 20 ng/ml), þar sem sýnt hefur verið fram á aukið niðurbrot beina og aukin hormón frá skjaldkirtli (PTH). Mörk sem liggja undir 25 nmol/l (<10 ng/ml) eru til marks um verulegan skort og geta haft alvarleg áhrif s.s. beinkröm hjá börnum og beinmeyru hjá fullorðnum. Þegar D vítamín mörkin eru milli 50 og 70 nmol/l (20-29 ng/ml) eru þau skilgreind sem ófullnægjandi. Á þessu bili geta PTH gildi verið innan eðlilegra marka en brotahætta minnkar ekki. D vítamín með greinimörk a.m.k. 75 nmol/l (30 ng/ml) er skilgreint sem nægjanlegt hjá fullorðnum, sem eru þau mörk sem sýndu fram á minni brotahættu í slembirannsóknunum.

Nauðsynlegt er því að fá úr því skorið hvað börn þarfnast mikils D vítamíns, en flest bendir til þess að yngri fólk (á aldrinum 19-49), miðaldra (50-64) og aldraðir (65 og eldri) þurfi að lágmarki 75 nmol/l til þess að ná D-vítamínmagni sem er hagstæðast fyrir beinin (beinþéttni mjaðmabeina – gögn um yngri fólk, miðaldra og aldraða (73), varnir gegn brotum – gögn um aldraða 62). Fjöldi rannsókna hefur leitt í ljós jákvæð viðbótaráhrif

þegar þessu æskilega marki, 75 nmol/l, er náð, s.s. minni hættu á hjarta- og æðasjúkdómum og ristilkrabbameini (74). Þessum jákvæðu viðbótaráhrifum þarf að slá föstu í stórum, klínískum prófunum.

(Sjá töflu hér fyrir neðan.)

Hverja ætti að prófa við D vítamínsskorti með 25-hydroxyvítamín D mælingum?

Hægt er að meta hver staða D vítamíns er í blóði með því að mæla 25-hydroxyvítamín D. Í alþjóðlegum leiðbeiningum er mælt með því að þessar mælingar séu ekki notaðar til þess að skima almenning heldur ættu þær að beinast að þeim sem er hættast við alvarlegum D vítamínsskorti og þurfa stærri skammta af vítamíninu en almennt er mælt með. Ráðlegt er að fólk með beinþynningu gangist undir 25 hydroxyvítamín D mælingar. Þeim sem eru í áhættuhópi við beinþynningu og allir 60 ára og eldri, er ráðlagt að taka 800-1000 AE af D vítamíni á dag samkvæmt yfirlýsingu IOF frá 2010 um D vítamín (75).

Mælt er með ofangreindu, þar sem:

- Skortur á D vítamíni er útbreiddur
- Klínískar prófanir sýna að D vítamín í skömmtum 700 til 1000 AE á dag

draga úr hættu á byltum (60) og brotum (62) um 20%

- Slíkar tillögur stuðla að auknu öryggi (74)

Þess vegna ættu mælingar er meta D vítamín að beinast að þeim sem eru í hættu á verulegum D vítamínskorti og í mögulegri þörf á stærri skömmtum til að leiðrétta skortinn.

Þetta eru einstaklingar sem:

- Hafa hlotið minniháttar brot.
- Eru dökkir á hörund.
- Eru of þungir.
- Taka inn lyf gegn flogaveiki.
- Eiga við vandamál frá meltingarvegi.
- Geta ekki af heilsufarsástæðum verið óvarðir í sól.
- Hylja flesta hluta líkama síns af menningar- eða trúarlegum ástæðum.

Við mælum ekki með almennri skimun eftir D vítamínsskorti hjá þeim sem eru ekki í áhættuhópi. Skortur á D vítamíni er útbreiddur og kostnaðurinn af skimun er miklum mun meiri en kostnaður við fæðubótarefni.



IOF *mælir með* 800 til 1000 AE af

D vítamíni daglega til þess að sporna við

byltum og brotum hjá 60 ára og eldri

Hvers vegna eldri borgurum er hætt við D vítamínsskorti

Hörgull á D vítamíni er mjög algengur hjá eldri fólki. Ástæður þess eru að:

- Húð eldra fólks myndar 4 sinnum minna D vítamín í sól í samanburði við húð yngri fólks.
- Eldra fólk hefur tilhneigingu til þess að forðast sól og hita. Það vill fremur halda sig heima eða nota hatta og sólarvörn.
- Eldra fólk neytir venjulega minna fiskmetis (hugsanlega af fjárhagslegum ástæðum og minnkandi neyslu á próteinum með auknum aldri).

Hvers vegna börnum og yngri fólki er hætt við skorti á D vítamíni

- Að meðaltali skín sólin aðeins á 5% af húð þeirra.

- Flestir eru orðnir meðvitaðir um hættur sem fylgja sólbrúna, eins og húðkrabbamein, og klæðast hlífðarfötum gegn sólinni og nota sólarvarnir. Sólarvörn með stuðli 6 hindrar að mestu myndun á D vítamíni í húðinni.

- Börnum hættir til að verja minni tíma til leikja utandyra í nútímaþjóðfélagi. Meirihluti fullorðinna stundar vinnu innandyra, t.d. á skrifstofum, í búðum og verksmíðjum.

HVAR ER D VÍTAMÍN AÐ FÁ – SÓLARLJÓS, FÆÐA OG FÆÐUBÓTAREFNI

Sólarljós

D vítamín myndast í húðinni fyrir tilstuðlan sólarljóss (UVB geislun). Af ástæðum, sem tiltekna eru hér neðar er ekki hægt að treysta á sólarljósið sem uppsprettu D vítamíns og auk þess getur það valdið því að húðin eldist og aukið líkur á krabbameini.

Hvers vegna sólarljósið er ekki áreiðanlegt sem uppspretta D vítamíns

- Í Evrópu (og í mörgum öðrum heimshlutum) fæst ekki næg UVB geislun yfir vetrarmánuðina til þess að húðin geti myndað nægjanlegt D vítamín og á það við um alla aldurshópa. Á breiddargráðum fyrir norðan og sunnan 33°, er myndun á D vítamíni í húðinni lítil eða engin mestan hluta vetrar. Þetta svæði nær till allrar Evrópu (og einnig Miðjarðarhafslandanna).

YFIRLIT UM GREINIMÖRK Á D VÍTAMÍNI

< 25 nmol/l (< 10 ng/ml)	= mjög mikill skortur
25 - 49 nmol/l (10 -19 ng/ml)	= mikill skortur
50 -74 nmol/l (20 -29 ng/ml)	= skortur
75 - 110 nmol/l (30 - 44 ng/ml)	= nægjanlegt



• Þar sem helmingunartími D vítamíns er 3 til 6 vikur er það í hámarki í september á norðlægum breiddargráðum. Það minnkar svo hratt, er í lægstu mörkum í nóvember og nær algeru lágmarki snemma á vorin. Þetta þýðir að jafnvel þótt við fáum nægjanlegt D vítamín á sumrin, dugir það ekki til yfir vetrarmánuðina og fram á vor.

• Myndun D vítamíns í húðinni minnkar með aldri og er 4 sinnum minni hjá þeim eldri en hjá yngra fólki (63). Auk þess hættir eldra fólki til þess að forðast sólarljós sem skýrir hve

D vítamínsskortur er algengur hjá því á suðlægari slóðum þar sem nægrar sólar gætir (t.d. Miðjarðarhafslönd, Norður-Ástralía).

• Notkun sólarvarna og klæðnaður dregur úr myndun D vítamíns í húðinni, óháð aldri (64,65). Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að klæðnaður sem tengist menningu eða trú geti haft óhagstæð áhrif á myndun D vítamína og heilbrigði beina (66). Sólarvörn með stuðli 6 hindrar að mestu myndun á D vítamíni í húðinni (65). Staða sólar á himni (þ.e.a.s. tími dagsins), skýjafar, loftmengun, hæð yfir sjávarmáli og

endurskin ljóss hafa áhrif á myndun D vítamíns í húðinni (67). Lóðréttir fletir, s.s. andlit, handleggir og fótleggir verða fyrir miklum mun minni UVB geislun í samanburði við lárétta, sem þýðir að í daglegri önn tekur lengri tíma að mynda D vítamín. Tíminn til þess að framleiða 800 AE af D vítamíni undir UVB geislun er mismunandi eftir gerð húðarinnar og árstíð. Fyrir 8% yfirborðsgeislun á líkamanum (andlit og hendur) um miðjan dag getur það tekið 30 mínútur upp í klukkustund á sumrin og allt að 20 klukkustundum að vetri (68-70).

Náttúrlegir D vítamínjafar	D vítamín (AE)
Villtur lax	600 til 1000 AE í 100 g
Eldislax	100 til 250 AE í 100 g
Sardínur í dós	300 til 600 AE í 100 g
Makrill í dós	250 AE í 100 g
Túnfiskur í dós	236 AE í 100 g
Þorskalýsi	400 til 1000 AE í msk.
Eggjarauður	20 AE í eggjarauðu

Úr hvaða fæðu fáum við D vítamín

Þær fæðutegundir sem eru uppspretta D vítamíns eru fremur takmarkaðar, aðallega feitur fiskur s.s. makrill og síld. Í eldislaxi er aðeins helmingur þess D vítamíns sem er í villtum laxi (71). Við þyrftum að neyta tveggja málsverða af feittum fiski til þess að ná ráðlögðum dagskammti, sem er 800 AE af D vítamíni, til þess að fækka beinbrotum (72). Aðrar afurðir eru egg og lifur (í 1 eggji eru 40 AE af D vítamíni). Í sumum löndum er D vítamíni bætt í smjörlíki og mjólk. Í Bandaríkjunum er t.d. 100 AE af D vítamíni bætt í eitt glas af mjólk. Hér á landi er D vítamíni bætt í Fjörmjólk (0,38 µg í 100 g eða um 8% af RDS).

D vítamín er til í tvenns konar formi. D3 vítamín (cholecalciferol) er sú gerð D vítamíns sem verður til í húð okkar og finnst í feittum fiski og eggjum. D2 vítamín (ergocalciferol) er nátengt hinu, upprunið úr plöntum. Bæði þessi vítamín eru notuð sem einstök fæðubótarefni og einnig bætt í fæðu. D vítamín sem gleypst er sem fæðubótarefni leysist best upp ef það er tekið inn með fæðu þar sem það er fituleysanlegt vítamín (72). Klínískar prófanir hafa sýnt fram á að D3 vítamín er öflugra en D2 vítamín til þess að draga úr byltum (60) og brotum (62).

Náttúrulegar uppsprettur D vítamíns eru takmarkaðar. Þær eru aðeins í verulegum mæli að finna í feittum fiski, s.s laxi (72). *Sjá töflu hér fyrir framan*

D vítamín sem fæðubótarefni og ráðleggingar

Það er einkum tvennt varðandi D vítamín sem alþjóðlegar stofnanir mæla með og á erindi til alls almennings og sérstaklega þeirra sem eru í hættu að fá beinþynningu.

Stofnunin Medicine of the National Academies í Bandaríkjunum (IOM) mælir með D vítamíni fyrir alla með það að takmarki að ná 25-hydroxyvítamín D mörkum um 50 nmol/l (*sjá ráðleggingar hér fyrir neðan*) (76). IOM mælir með 600 AE af D vítamíni á dag fyrir alla á aldrinum 1-70 ára og 800 AE fyrir 71 árs og eldri.

IOF setti sér annað markmið í stefnubréfi frá 2010 um D vítamín til þess að sporna við byltum og brotum (75). Samkvæmt því setti IOF 25-hydroxyvítamín D mörkin við 75 nmol/l. Þar sem D vítamínsskortur er svo útbreiddur mælir IOF með 800 til 1000 AE fyrir alla fullorðna, 60 ára og eldri, til þess að fækka byltum og brotum án þess að rannsakað sé hvort um skort sé að ræða eður ei. Báðar stofnanirnar eru því með svipaðar tillögur um D vítamínsskammta sem

endurspegla niðurstöður klínískra prófana en þær hafa þó mismunandi greinimörk. Í þessum bæklingi er mælt með hærri mörkunum, 75 nmol/l, gegn beinþynningu, byltum og brotum. (Sjá töflu hér fyrir neðan).

Sjá nánar íslensk viðmið og ráðlegg- ingar um D vítamín á www.beinvernd.is

Öryggismörk D vítamíns

D vítamín er fituleysanlegt vítamín og gætu þess vegna mjög stórir skammtar af því leitt til eitrunar. Því hafa efri öryggismörk verið skilgreind fyrir alla aldurshópa (76). Tillögur um efri mörk eru 1000 AE á dag fyrir 0 til 6 mánaða, 1500 AE á dag fyrir 6 til 12 mánaða, 2500 AE fyrir 1-3ja ára aldur, 3000 AE fyrir 4-8 ára aldur og 4000 AE fyrir 9 ára og eldri og barnshafandi konur og þær sem eru með börn á brjósti.

Í matsgerð frá 2010 um ávinning eða áhættu af D vítamíni fundust engin merki um aukna hættu (ofkölkun – aukið kalk í blóði) af daglegri neyslu á D vítamíni upp að 10.000 AE eða blóðvöka 25 (OH)D upp að 240 nmol/l (74). Þetta er miklu meiri neysla og blóðþéttni en nauðsynleg er til þess að gagnast beinum og vöðvum (sem er 800 AE af D vítamíni á dag og sem er ráðlagt 25-hydroxyvítamín D fyrir 75 nmol/l blóðmörk).

Aldurshópar í árum	Ráðlagður dagskammtur D vítamíns <i>Institute of Medicine</i>	Ráðlagður dagskammtur D vítamíns <i>IOF</i>
0 – 1	*	ómælt
1 – 59	600 AE/dag	ómælt
60 – 70	600 AE/dag	800 – 1000 AE/dag
71 +	800 AE/dag	800 – 1000 AE/dag
Viðmiðunargildi 25(OH)D í blóði nmol/l	50 nmol / fyrir heilbrigði beina í öllum aldurshópum	75 nmol/l sem vörn gegn byltum og brotum

**Nægjanleg inntaka er 400 AE/dag
IOF mælir með því fyrir alla einstaklinga með beinþynningu óháð aldri að taka stærri skammta af D vítamíni til að ná 75nmol/l styrk af 25(OH)D í blóði.*



HREYFIÐ YKKUR: Æfingar og bein

Beinagrind okkar er næm fyrir þyngdarafl og líkamleg áreynsla sem ber uppi líkamsþyngdina viðheldur beinunum, byggir þau upp og hindrar að vöðvar rýrni.

HVERNIG STUÐLAR LÍKAMLEG VIRKNI AÐ HEILBRIGÐI BEINA?

